

# ÞINGGERÐ 45. GLÍMUÞINGS

Ár 2009, föstudaginn 13. mars kl. 20:25 var 45. glímuþing sett af formanni Glímusambands Íslands, Ólafi Oddi Sigurðssyni, að Laugum í Sælingsdal í Dalasýslu.

Ólafur Oddur Sigurðsson stýrði kosningu kjörbréfanefndar, sem í settust Kjartan Lárusson, formaður, Hermann Níelsson og Stefán Geirsson. Nefndin tók þegar til starfa.

Þingforseti var kosinn Pálmi Jóhannsson og varaðingforseti Finnbogi Harðarson.

Þingritari var kosinn Hörður Gunnarsson og varaðingritari Sigmundur Stefánsson.

Þessu næst var gengið til dagskrár.

## ÞETTA GERÐIST:

- (01) **ÞINGSETNING**, sjá ofar.
- (02) **KJÖRBRÉFANEFND**; sjá ofar.
- (03) **KJÖR FASTRA STARFSMANNA**: sjá ofar
- (04) **KJÖRNAR FASTAR NEFNDIR**:
  - a) Fjárhagsnefnd: Stefán Geirsson, formaður, Sigmundur Stefánsson og Hermann Níelsson.
  - b) Laganefnd: Kjartan Lárusson, formaður, Rúnar Brynjólfsson og Marínó Hákonarson.
  - c) Allsherjarnefnd: Þóroddur Helgason, formaður, Gunnar Brynjarsson og Jóhann Pálmason.
- (05) **SKÝRSLA FORMANNS**.

Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður Glímusambands Íslands, lagði fram prentaða skýrslu og las ávarp sitt, sem þar er fremst. Ólafur Oddur formaður fór síðan yfir skýrsluna og skýrði marga liði frekar.

**(02) 1 SKÝRSLA KJÖRBRÉFANEFNDAR:**

Kjartan Lárusson formaður nefndarinnar sagði sex (6) kjörbréf af 7 hafa borist og mættir 30 fulltrúar með 41 atkvæði. Hann las síðan kjörbréfin og kynnti þingfullrúa frá eftirfarandi íþrótt- og héraðssamböndum:

- (02).1.1. **Frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (GRR/ÍBR)** sem hefur rétt til 5 fulltrúa og tilkynnir eftirfarandi:  
Aðalfulltrúar: Rögnvaldur Ólafsson, Garðar Erlendsson, Snorri Þór Guðmundsson, Valgeir Halldórsson og Hörður Gunnarsson .  
Varafulltrúar: Enginn tilnefndur.
- (02).1.2. **Frá Ungmennasambandi Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga**, sem hefur rétt til 5 fulltrúa og tilkynnir:  
Aðalfulltrúar: Jóhann Pálmason, Svana Hrönn Jóhannsdóttir, Guðmundur Freyr Geirsson, Finnboji Harðarson, Pálmi Jóhannsson.  
Varafulltrúar: Engir skráðir.
- (02).1.3. **Frá Héraðssambandi Suður-Þingeyinga**, sem hefur rétt til 3 fulltrúa og tilkynnir:  
Aðalfulltrúar: Gunnar Þór Brynjarsson (fer með 3 atkv.),  
Varafulltrúar: Enginn skráður .
- (02).1.4. **Frá Ksf. Hörður, glímudeild** (Ísafirði) sem hefur rétt á 9 fulltrúum og tilkynnir:  
Aðalfulltrúar: Marinó Hákonarson, Rúnar Brynjólfsson, Hermann Nielsson, Steinar Marinósson, Brynjólfur Rúnarsson, Hákon Óli Sigurðsson, Sigurður Óli Rúnarsson, Birkir Örn Grétarsson, og Stígur Sóphusson (ekki mættur).  
Varafulltrúar: Jóhann Friðriksson, Ísleifur Jónsson og Ísak Valdimarsson.
- (02).1.5. **Frá Glímuráði HSK**, sem hefur rétt til 7 fulltrúa og tilkynnir eftirfarandi:  
Aðalfulltrúar: Stefán Geirsson (fer með 2 atkv.), Ólafur Oddur Sigurðsson (fer með 2 atkv.), Kjartan Lárusson (fer með 2 atkv.), Sigmundur Stefánsson,  
Varafulltrúar: Engir skráðir.
- (02).1.6. **Frá Glímuráði ÚÍA**, á rétt til 11 fulltrúa og tilkynnir eftirfarandi:  
Aðalfulltrúar: Þóroddur Helgason (fer með 2 atkv.), Sindri Freyr Ásmundsson (fer með 2 atkv.), Magnús Karl Ásmundsson, (fer með 2 atkv.) Hjalti Þórarinn Ásmundsson (fer með 2 atkv.), Snær

Seljan Þóroddsson (fer með 2 atkv.), Ásmundur Hálfán Ásmundsson.

Varafulltrúar: Enginn skráður..

(02).1.8 Fram komin kjörbréf samþykkt samhljóða. Sjá (02).1.2.1

#### **(06) GJALDKERI LAGÐI FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA.**

(06).1 Gjaldkeri, Sigmundur Stefánsson las og skýrði helstu tölur úr Rekstrarreikningi 1.1. – 31.12.2008. Niðurstöðutölur eru kr. 9.105.433 en tekjur kr. 677.105 umfram gjöld. Efnahagsreikningur pr. 31.12.2008 sýnir kr. 1.368.261 sem niðurstöðutölu en eigið fé 449.668.

Sigmundur gjaldkeri lýsti því yfir, að hann gæfi kost á sér til endurkjörs.

#### **(07) ÁVARP GESTA.**

##### **(07) 1. Ávarp varaforseta ÍSÍ.**

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, varaforseti ÍSÍ, flutti kveðju frá ÍSÍ og forseta samtakanna Ólafi Rafnssyni. .

Ingibjörg lýsti aðdáun sinni á ársskýrslu GLÍ, sem bæri af að glæsileik og fróðleik.

Hún gerði grein fyrir stöðu mála hjá ÍSÍ í núverandi efnahagsástandi og hvatti glímumenn sem aðra í íþróttahreyfingunni að láta ekki deigan síga.

Ingibjörg taldi að glímusambandið þyrfti að leggja hart að félögum og glímudeildum að setja sér það markmið að verða fyrirmyndarfélag, þar sem í því gæti leynst matarhola til eflingar starfsins.. Hún benti á margvíslegar fjáröflunarleiðir, sem ýmsum hefðu komið að gagni.

Ingibjörg lauk máli sínu með því að óska að störf glímupings yrðu íþróttinni til heilla.

##### **(07).2 Ávarp formanns Ungmennasambands**

Finnbogi Haraldsson, formaður Ungmennasambands Dalamanna og Norður – Breiðfirðinga, bauð þingsfulltrúa velkomna og þakkaði, að GLÍ hefði ákveðið að halda glímuping í Dölunum

#### **(08) UMRÆÐUR UM SKÝRSLU OG REIKNINGA:**

(08) 1. Kjartan Lárusson þakkaði boð til þings í Sælingsdal . Hann flutti þakkir sínar fyrir ársskýrslu og ræddi síðan um starf glímusambandsins og heimsmeistaramótið í Danmörku. Hann taldi forystu ÍSÍ hafa sýnt heimsmeisturum fálæti við heimkomuj til landsins.

(08).2. Líney Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ afsakaði afskiptaleysi af þeirra hálfu síðasta sumar. Hún ræddi síðan um fjáröflunarleiðir, sem glíman gæti nýtt sér.

- (08).3 Rögnvaldur Ólafsson gerði athugasemd við uppsetningu á skránni á bls. 20 og 21.  
Rögnvaldur hrósaði Jóhanni Pálmasyni og hans fólki, sem hélt mikla afmælishátíð á síðasta ári í tilefni 10 ára starfs GFD. Hann fékk þingheim allan til að standa upp og þakka Jóhanni með lófataki.
- (08).4 Ólafur Oddur Sigurðsson svaraði athugasemd Rögnvaldar.
- (08).5 Sigmundur Stefánsson nefndi, að ÍSí hefði haldið upp á að 100 ár voru liðin frá þátttöku glímumanna á Olympíuleikum í Lundúnum 1908 en glímusambandinu var ekki boðið af því tilefni.
- (08).6 Líney Halldórsdóttir taldi að glímusambandi hefði verið gert viðvart, annað stóð ekki til.
- (08).7 Kjartan Lárusson benti á, að glímumenn sýndu í Lundúnum 1908 og einn þeirra hefði tekið þátt í grísk-rómverskum fangbrögðum og náð 4. sæti.
- (08).8 Stéfán Geirsson ræddi um liði í ársskýrslu.

#### **(09) REIKNINGAR BORNIR UPP TIL SAMÞYKKTAR.**

- (09).1 Hörður Gunnarsson, endurskoðandi glímusambandsins, lagði til að reikningar yrðu samþykktir með fyrirvara um athugasemdalaus áritun endurskoðenda, þar sem ekki hefði gefist tóm til að ljúka endurskoðun.
- (09).2. Reikningar samþykktir með fyrirvara um athugasemdalaus áritun endurskoðenda.

#### **(10) FJÁRHAGSÁÆTLUN NÆSTA ÁRS** lögð fram af stjórn.

- (10).1. Gjaldkeri las **þingskjal nr. 1.** Er viðfest aftan við þinggerð ásamt öðrum þingskjölum og teljast þau öll hluti hennar.
- (10).2 Þingskali nr. 1 vísað til fjárhagsnefndar.

#### **(11) LAGÐAR FRAM TILLÖGUR TIL LAGABREYTINGA.**

- (11).1 Engar tillögur til lagabreytinga lágu fyrir.

#### **(12) UMRÆÐUR OG AÐRAR TILLÖGUR OG MÁL ÞINGFULLTRÚA.**

- (12).1. **Þingskjal nr. 2.** Gjald ævifélaga.
- (12).1.1 Vísað til fjárhagsnefndar
- (12).2 **Þingskjal nr. 3.**
- (12).2.1 Vísað til allsherjarnefndar.

**ÞINGHLÉ** var tekið kl. 21:45 og þingfundur boðaður að nýju kl. 22:20.

## ÞINGHLÉ

Þingfundi var framhaldið kl. 22:22 og gengið til dagskrár.

### (13) NEFNDAÁLIT, TILLÖGUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA UM ÞÆR.

#### (13).1. Álit allsherjarnefndar.

- (13).1.1. Þóroddur Helgason, framsögumaður, sagði nefndina leggja til að **þingskjal nr. 3** verði samþykkt.
- (13).1.2. Þingskjal nr. 3 **samþykkt** samhljóða.

#### (13).2. Álit fjárhagsnefndar.

- (13).2.1. Stefán Geirsson, framsögumaður gerði grein fyrir eftirfarandi álit nefndarinnar:
  - (13).2.1.1. Fjárhagáætlun, **þingskjal nr. 1** veerði samþykkt.
  - (13).2.1.2. Gjald ævifélaga, **þingskjal nr. 2** verði samþykkt.
- (13).2.2 **Umræður:**
  - (13).2.2.1 Hermann Níelsson lagði til að lögð væri áhersla á glímukynningu um allt land og ekki síst í fjölmenni eins og Reykjavík, þar sem koma ætti á virku samstarfi KR og Ármanns. Hermann vísaði til samþykktar glímupings 2008 um val fjárhagsnefndar.  
Hermann Níelsson lagði fram eftirfarandi tillögu, sem merkt verður **þingskjal nr. 4**: “Árþing GLÍ haldið á Laugum í Sælingsdal 13. mars 2009 þakkar fráfarandi framkv.stj. GLÍ Lárusi Kjartanssyni fyrir frábær störf í þágu glímunnar”. Flutningsmaður H.N.
  - (13).2.2.2. Ólafur Oddur Sigurðsson svaraði um framkvæmd væntanlegra glímukynninga.
  - (13).2.2.3. Marinó Hákonarson tók undir mikilværi glímukynninga. Hann ræddi einnig um skráningu iðkennda.
  - (13).2.2.4. Kjartan Lárusson tók undir með Marinó um skráningu. Hann nefndi, að ekki væri óeðlilegt að skólar greiddu kr. 10-15 þús. fyrir hverja kynningu.
  - (13).2.2.5. Hermann Níelsson taldi mistök í skráningu hjá ÍSÍ á fjölda iðkennda í glímu.

- (13).2.2.6. Rögnvaldur Ólafsson sagði varhugavert að “rukka” skóla fyrir glímukynningu án þess að undirbúa málið vel, svo fjárstuðningur Aþingis yrði ekki skorinn niður við trog.
- (13).2.2.7 Hermann Níelsson skýrði frá því að þeir á Ísafirði hefðu rætt um að reyna að fá glímu sem valgrein inn í skólana og lagði til að glímumenn annars staðar á landinu fylgdu þessu eftir í sinni heimabyggð.
- (13).2.1.1.1. **Þingskjal nr. 1** borið undir atkvæði og **samþykkt**.
- (13).2.2.1.1. **Þingskjal nr. 4** borið undir atkvæði og **samþykkt**.

### (13).3 Álit laganefndar.

- (13).3.3 **Þingskjal nr. 7**: nefndin leggur til að þingskjalið verði samþykkt óbreytt.

### (14) Gjald ævifélaga.

- (14).1 Samþykkt **þingskjal nr. 2** um að gjald ævifélaga verði kr. 10 þ. Sjá lið (12).1.1. að framan.

### (15) KOSNINGAR.

- (15).1. **Formaður**: Ólafur Odd Sigurðsson endurkjörinn Samþ. samhljóða.
- (15).2. **Meðstjórnendur**: Tillaga fráfarandi stjórnar um Sigmund Stefánsson, Snorra Þór Guðmundsson, Snæ Seljan Þóroddsson og Ingiberg Jón Sigurðsson. Samþykkt samhljóða.
- (15).3. **Varastjórn**: Tillaga fráfarandi stjórnar um Svönu Hrönn Jóhannsdóttur, Jón Smára Eypórsson. Samþykkt samhljóða.
- (15).4. **Endurskoðendur** voru endurkjörnir Hörður Gunnarsson og Kjartan Lárusson samhljóða.
- (15).4.1. **Varaendurskoðendur** endurkjörnir Sigurjón Leifsson og Árni Þór Bjarnason samhljóða.
- (15).5. **Fulltrúi á íþróttaping**:
- (15).5. Lagt til að málinu yrði vísað til stjórnar.
- (15).5.2 Samþykkt samhljóða.

### (16) AGANEFND: (Kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara)

- (16).1. Aðalmenn: Elías Árnason, Kristján Yngvason og Engilbert Olgeirsson. Samhljóða kosnir.
- (16).2. Varamenn: Sveinn Guðmundsson, Árni Unnsteinsson og Auðunn Ásberg Gunnarsson kjörnir samhljóða.

## **(17) ÖNNUR MÁL.**

- (17).1. Hermann Níelsson skýrði frá því að afmælistótt Harðar á Ísafirði í tilefni af að félagið yrði 90 ára, verði haldið 29. maí 2009. Hann sagði bakhjarl mótsins: Minningarmót Guðna kóngabana, bjóðast til að kosta för 6-8 keppenda annars staðar frá til mótsins. Hvatti Hermann glímumenn til að hafa þetta í huga og mæta vestur.
- (17).2. Sigmundur Stefánsson sagði notkun á heimasíðum félaga mikilvæga í útbreiðslustarfinu og því þörf á að uppfæra síðurnar og sjá til þess að svo væri gert.
- (17).3. Marínó Hákonarson óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar í srarfi. Hann ræddi um tölvunotkun og líkur á að þær komu að gagni við útbreiðslustarfið. Marínó hvatti menn til vesturgöngu í maí.

### **(17).4 Fundargerð.**

- (17).4.1 Hörður Gunnarsson sagðist tilbúinn með þinggerð að venju en myndi nú endurflytja tillögu sína frá síðastu þingum um, að þingriturum verði falið að ganga frá þinggerð með fullum rétti.
- (17).4.2 Tekið var undir tillögu þingritara með lófaklappi og úrskurðaði þingforseti að tillagan hefði verið samþykkt.

### **(17).5. Þingforseti.**

- (17).5.1. Pálmi Jóhannsson þingforseti þakkaði þingfulltrúm þeirra framlag til þingstarfa og þróðmannlega framkomu við þingforseta. Hann óskaði mönnum góðrar heimferðar, og fól síðan formanni stjórn þingsins.

## **(18). ÞINGSLIT.**

- (18).1 Ólafur Oddur Sigurðsson þakkaði endurkjör sitt. Hann þakkaði síðan sérstaklega Jóhanni Pálmasyni heimboð í Dalina til glímupings og viðurgerning allan. Þingheimur stóð upp og tók undir orð formanns með lófataki. Ólafur Oddur gat þess að viðræður væru framundan um aðkomu GLÍ að fyrirhuguðu heimsmeistaramóti í ágúst 2009.

Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður Glímusambands Íslands, sleit síðan 45. glímupingi.

**Fleira ekki tekið fyrir.**

**Þingi slitið kl. 23:15**

**13. mars 2009**

Hörður Gunnarsson  
þingritari

Sigmundur Stefánsson  
varaþingritari.

(HG/GLÍ/45.Þingg./8011/2009)